

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Akstur um Bröttugötu og Mjóstræti verður heimilaður í báðar áttir.
2. Akstur um Skúlatún verður heimilaður í báðar áttir.
3. Bifreiðastöður verða bannaðar
 - a. Á Kóngsbakka.
 - b. Á Skúlatúni, austanmegin götunnar.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi nú þegar.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 20. nóvember 1982.

Sigurjón Sigurðsson.